

Kirkjuþing 2018
19. mál – þskj. 19

T I L L A G A

að starfsreglum um breyting á starfsreglum um
skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum
(Lagt fyrir 57. kirkjuþing 2018)

Flutt af: Kirkjuráði
Frsm.: Elínborg Gísladóttir

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:

Í eftirtöldum prestaköllum falla brott ákvæði um prestssetur hinn 1. desember 2018:

Kjalarnesprófastsdæmi

Grindavíkurprestakall

Vesturlandsprófastsdæmi

Hvanneyrarprestakall

Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi

Sauðárkróksprestakall

Þingeyraklaustursprestakall

Eyjaþing- og Þingeyjarprófastsdæmi

Húsavíkurprestakall

Austurlandsprófastsdæmi

Norðfjarðarprestakall

2. gr.

Greiðsla húsaleigustyrkja á grundvelli 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum, fellur niður. Greiðsla húsaleigustyrkja til þeirra presta sem styrkgreiðslna njóta við gildistöku starfsreglna þessara fellur brott eigi síðar en 1. desember 2019. Láti prestur af embætti eða fái heimild til að búa utan prestakalls fyrir 1. desember 2019 fellur skylda til að leggja til prestssetur í því prestakalli brott.

3. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Athugasemdir við tillögu þessa

Kirkjuþing 2011 samþykkti svohljóðandi breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði:

„1. gr.

12. gr. breytist svo:

Í eftirtöldum prestaköllum fellur brott skylda til að leggja til prestssetur:

Suðurprófastsdæmi.

Eyrarbakkaprestakall

Hveragerðisprestakall

Vestmannaeyjaprestakall

Þorlákshafnarprestakall

Kjalarnesprófastsdæmi

Grindavíkurprestakall

Útskálaprestakall

Mosfellsprestakall

Vesturlandsprófastsdæmi

Garðaprestakall

Hvanneyrarprestakall

Vestfjarðaprófastsdæmi

Ísafjarðarprestakall

Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi

Sauðárkróksprestakall

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi

Dalvíkurprestakall

Húsavíkurprestakall

Austurlandsprófastsdæmi

Eskifjarðarprestakall

Norðfjarðarprestakall

Vallanesprestakall“

2. gr.

Við starfsreglurnar bætist ný 13. gr. svohljóðandi:

Embættisbústaðir skulu lagðir til í samræmi við 1. og 2. tl. fasteignastefnu þjóðkirkjunnar.

Embættisbústaður er að jafnaði lagður til í prestakalli þar sem búa færri en 1.500 manns. Nú búa fleiri en 1.500 manns í prestakalli og getur kirkjuþing þó samþykkt að embættisbústaður skuli lagður til í eftirfarandi tilvikum:

- að staðhættir eða aðstæður á fasteignamarkaði réttlæta slíkt.

- að söguleg eða menningarleg rök þykja mæli með því.

Nú búa færri en 1.500 manns í prestakalli og getur þá kirkjuþing þó ákveðið að ekki skuli lagður til embættisbústaður þar, ef sérstök rök mæla með því, s.s. að prestakall sé í nálægð við fjölmennari þéttbýlisstaði eða til að gæta samræmis innan sömu landsvæða.

3. gr.

13. gr. starfsreglnanna verði 14. gr.

4. gr.

Starfsreglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 59. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar og öðlast gildi 1. janúar 2012.

Ákvæði til bráðabirgða

Prestur sem situr í prestakalli, sem tilgreint er í starfsreglum þessum við gildistöku þeirra, getur setið prestssetrið áfram samkvæmt gildandi lögum

og starfsreglum hverju sinni, uns honum er veitt lausn frá embætti. Óski prestur, sem situr í prestakalli sem tilgreint er í starfsreglum þessum við gildistöku þeirra, að njóta ekki prestsseturs og biskup Íslands og kirkjuráð samþykkja, skal greiða honum húsaleigustyrk, þann tíma sem hann hefði átt rétt á að sitja prestssetur, enda búi hann í prestakallinu þann tíma og sé þar með skráð lögheimili. Fjárhæð styrksins skal jöfn þeirri fjárhæð sem prestur hefði borið að greiða í leigu af prestssetrinu. Þá er sömuleiðis biskupi Íslands og kirkjuráði heimilt með sama hætti að samþykkja að prestur láti prestsetur af hendi og sé leystur undan búsetuskyldu í prestakallinu en þá stofnast ekki réttur til húsaleigustyrks“.

Flutningsmenn tillögu þessarar telja, á grundvelli jafnræðissjónarmiða og með tilliti til hagræðingar, að rétt sé að afnema búsetuskyldu sóknarpresta í þeim prestaköllum sem tillaga þessi tekur til og þar með húsaleigustyrk þann sem mælt er fyrir um í ofangreindu ákvæði til bráðabirgða og sem greiddur er til presta sem keypt hafa prestsbústaði í þeim prestaköllum sem tilgreind eru þar. Nánar tiltekið eru greiddir húsaleigustyrkir til presta sem hafa keypt bústaðina í eftirtöldum prestaköllum:

Suðurlandsprófastsdæmi:
Grindavíkurprestakall

Vesturlandsprófastsdæmi:
Hvanneyrarprestakall

Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi:
Þingeyraklaustursprestakall, (Blönduósi)
Sauðárkróksprestakall

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi:
Húsavíkurprestakall

Austurlandsprófastsdæmi:
Norðfjarðarprestakall

Alls kr. 440.847 á mánuði eða kr. 5.290.164 á ári (gjaldárið 2018-2019).

Ekki er talin þörf á að hafa Eskifjarðarprestakall með í upptalningu þessari þar sem skipaður sóknarprestur, sem keypti prestsbústaðinn árið 2015 mun væntanlega fá lausn frá embætti þann 1. apríl 2019 sakir aldursákvæða laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Þá fellur brott skylda til að leggja til prestsbústað í Eskifjarðarprestakalli og þar með einnig skylda til greiðslu húsaleigustyrks.